

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 13:00 miðvikudaginn 20. maí 2026, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Ármann Örn Gunnlaugsson, Edda Hrund Skagfield Guðmundsdóttir, Hlynur Jóhannsson, Sara Sigmundsdóttir, Sveinbjörg Rut Pétursdóttir og Tómas Árdal varamaður, Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir og Halldór Óli Kjartansson.

Fundur var settur 13:14 og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

Undirbúningur aðalfundar

Framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning MN fyrir 2025 og ræddi stjórn reksturinn.

Laus eru sæti 1 aðalmanns á sitthvoru svæðinu ásamt varamönnum samkvæmt skipulagsskrá.

Ráðstefna verður haldin í kjölfar aðalfundar um fjárfestingar og ber hún nafnið „Segjum sögur af fjárfestingum“. Ráðstefna verður send út og er hún bæði í formi framsögu og heimsókna.

Fjármögnun

Framkvæmdastjóri fór yfir endurskoðun ráðuneytisins okkar um fjármögnun í tengslum við ferðaþjónustu. Verið er að skoða meðal annars hlutfall fjármagns í erlenda markaðssetningu. Hlutur Markaðsstofa er mjög lítill þar. Samningar renna út í lok árs í tengslum við flug og það þarf að huga vel að því.

Við erum að taka þátt í umsókn um Evrópuverkefni sem hefur áhrif á starfsemina ef af verður. Verkefnið tengist tæknilausn í miðlun og kynningu ferðalaga á svæðinu og er unnið með Kjartani Bollasyni lektor við Háskólann á Hólum.

Böðin og skemmtiferðaferðaskipaverkefni hafa fengið stuðning úr Sóknaráætlun SSNE og það liggur fyrir umsókn vegna skemmtiferðaskipa hjá SSV einnig sem er í skoðun.

Auka þarf samstarf og bæta skipulag við móttöku farþega skemmtiferðaskipa á Norðurlandi með það að markmiði að auka verðmætasköpun ferðaþjónustuaðila og sveitarfélaga auk þess að efla þjónustu við skipafélög og farþega. Verkefnið er tvíþætt:

1. Áfangastaðapróun þar sem gerð verður greining á stöðu innviða, þjónustu og möguleikum fyrir skemmtiferðaskip í landshlutanum.
2. Markaðssókn með áherslu á minni leiðangursskip, fjölgun minni komuhafna og fjölgun skipakoma auk lengingar ferðatímabils. Í markaðssókninni verður áhersla lögð á að kynna fleiri áhugaverða áfangastaði fyrir gestum.

Staðan á svæðunum

Almennt telur fólk að staðan sé nokkuð góð en blokk bókanir eiga eftir að raungerast sem gefa betri mynd af sumrinu. Veturinn fór vel samanborið við árið í fyrra og meðal annars fundu fyrirtæki fyrir beina fluginu.

Umræða um þau gjöld sem eru lögð á ferðamenn eru nú þegar mikil, reiknað er með að innviða/náttúrugjald verði lagt á alla farþega. Nú þegar er verið að rukka t.d. innviðagjald hjá skemmtiferðaskipum. Gistináttaskattur er einnig orðinn hár og ekki hægt að rekja hvernig hann er nýttur.

Stjórn leggur áherslu á að ná samtali við ráðherra um ferðaþjónustu á svæðinu ásamt því að ráðherra heimsæki ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu.

Önnur mál

Farið var yfir vinnu við stefnumótun. Uppfærð framtíðarsýn kynnt í takti við þá vinnu sem búið er að vinna og hún rædd. Langtímamarkmið, lykiláherslur og verkefni einnig. Farið var yfir markaðsstefnuna og áherslur sem er framhald af vinnunni.

Tillaga að nýjum gildum var kynnt: Samstarf, Gleði og Fagmennska. Þau voru samþykkt.

Nýr starfsmaður kemur í hús 1. Júní hún heitir Signý Jónasdóttir sem tekur við starfi verkefnastjóra markaðsmála og miðlunar.